

BÚÐIR FÁSKRÚÐSFIRÐI

ÍPRÓTTA- OG GARÐASVÆÐI

**DEILISKIPULAG OPINS SVÆÐIS
OG ÍPRÓTTAHÚSSLÓÐAR.**

**GREINARGERÐ MEÐ
DEILISKIPULAGI.**

ARKITEKTASTOFA ÓTTARS HF
AUSTURVEGI 20 730 REYÐARFIRÐI

MARS 1995

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI.

ÍPRÓTTA- OG GARÐSVÆÐI.
OPIÐ SVÆÐI MILLI SKÓLAVEGAR OG BÚÐAVEGAR, VESTAN
ÍBÚÐARHÚSALÓÐA VIÐ SMÍÐJUSTÍG.

Almennt:

Við gerð skipulags þessa hefur verið leitast við að halda svæðinu saman sem einni heild í þeim mæli sem slíkt er hægt þegar tekið er tillit til þeirrar ólíku starfsemi sem þar er fyrirhuguð. Þetta þarf að hafa í huga við frekari hönnun og framkvæmdir. Svæðið er lítið og því afar mikilvægt að samnýta vel t.d. bifreiðastæði, gangstíga, götur og önnur sameiginleg svæði.

Gildissvið:

Skilpulag þetta nær til skrúðgarðs, íþróttavallar, lóðar íþróttahúss, grafreita, íbúðarhúslóðar, gatna og bifreiðastæða innan þeirra marka sem sýnd eru á skipulagsupprætti.

Götur:

Ein gata er á svæðinu og er hún megin aðkomuleið að íþróttahúsi og sáluhliði, jafnframt því sem hún þjónar að hluta lóðum á aðliggjandi iðnaðarsvæði. Mikilvægt er að gata þessi verði hönnuð og byggð með tilliti til þess að hún er á grænu svæði, og ætti t.d. alls ekki að leyfa að stórum bílum og þungavinnuvélum verði lagt við hana.

Íbúðarhúslóð:

Á svæðinu er í dag ein íbúðarhúslóð nr.105 við Skólaveg norðan íþróttavallarins.

Æskilegt er að lóð þessi verði með tímanum látin falla undir skráðgarðinn og íþróttasvæðið. Gæti sveitarfélagið neytt forkaupsréttar síns ef eignin verður boðin til sölu.

Þá væri hyggilegt að veita ekki byggingarleyfi fyrir stærri nýframkvæmdir eða endurbyggingu á lóð þessari, nema að vel athuguðu máli.

Íþróttahús:

Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir lítilli sundlaug og/eða heitum pottum, við austur enda íþróttahússins.

Grafreitir:

Sáluhlið er til suðurs í námunda við Bifreiðastæði merkt P2. Vélahlið og aðkoma með tæki er frá Skólavegi.

Bifreiðastæði:

Gert er ráð fyrir samanlagt 84 stæðum og skiptast þau eins og hér greinir.

P1.

41 stæði auk tveggja stæða fyrir rútur.

Gert ráð fyrir aðkomu vegna íþróttahúss og íþróttavallar í tengslum við þessi stæði.

P2

15 stæði.

Gert er ráð fyrir aðkomu að íþróttahúsi og sáluhliði í tengslum við þessi stæði.

P3.

26 stæði við áhorfendasvæði ofan íþróttavallar.

Gangstígar:

Frá íþróttahúsi liggur gangstígur milli grafreita og íþróttavallar og endar í gangbraut yfir Skólaveg.
frá bifreiðastæðum merktum P1 liggur stígur meðfram íþróttavellinum, að áhorfendasvæðum og íþróttahúsi til vinstri og, að skrúðgarði til hægri.

Skrúðgarður:

Í aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar frá 1980 er vísað til skipulags Reynis Vilhjálmssonar varðandi þetta svæði, og hefur það skipulag verið látið gilda hér að öðru leyti en því að garðurinn er tengdur bifreiðastæði merktu P1 með gangstíg.

Íþróttavöllur:

Stærð vallarins er miðuð við meðalstærð á knattspyrnuvelli og fjórfalda hlaupabraut.
Lega vallarins ræðst af fyrirhuguðum skrúðgarði og þegar byggðri bensínstöð við Búðaveg.



Óttar Guðmundsson Arkitekt FAÍ.